

Ed.

153. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá allsherjarnefnd.

Með því að undirrituð allsherjarnefnd efri deildar verður að vera samdóma flutningsmanni frumvarps þessa um þær ástæður, er hann hefir látið fylgja því, leyfum vjer oss að skirskota til þeirra og leggja til að háttv. deild samþykki frumvarpið óbreytt að efni. Að eins viljum vjer ráða til nokkurrar breytingar á orðalagi, og ákvæði 3. gr. um að færa þessa litlu breytingu inn í sjálf lögin, sem eru all-löng, þykir oss eigi nauðsynlegt.

BREYTINGARTILLÖGUR

vorar eru þessar:

1. Við 1. gr. Greinin skiftist í 2 greinar, er hljóði svo:

1. gr.

Í staðinn fyrir tölul. IX, 47 í 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, komi:

Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.

2. gr.

Í staðinn fyrir tölulið X, 48 og 49 í 1. gr. sömu laga komi þrir liðir:

Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.

Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.

Nesþing: Ólafsvikur-, Fróðár- og Ingjaldshólssóknir.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. — 3. — Greinin falli burt.

Alþingi, 24. júlí 1917.

Magnús Torfason, Kristinn Danielsson,
form. ritari og frsm.
H. Hafstein.